



Stál- grindahús



Á síðastliðnu sumri var reist stálgrindahús við Náttúrulækningaheimilið í Hveragerði. Þetta hús var framleitt hjá vélsmiðjunni Héðni í Reykjavík. Húsið er 5.86x15 m og kostaði kr. 98 þúsund. Það er klætt bárujárn og báruplast gluggar eru í gaffli og á hliðum.

Þeir hjá Héðni hafa fullan hug á, að hefja fjöldaframleiðslu á stálgrindahúsum, sem fyrst og fremst yrði notuð sem verkfærageymslur.



Stálgrindahúsið við heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði.

Í þeim vélum, sem þeir hafa nú, geta þeir smíðað hús, sem eru 9 m breið, lengdin fer eftir óskum kaupandans. Miðað við ákveðna stærð, sem er 12.0 mx5.86 m, er verðið kr. 86.500, en hver 3ja m viðbót kostar 12.500,00 kr., þá er allt bárujárn, plast í gluggum, festingar og hurð, innifalið í verðinu. Hægt er að velja um, hvort tekinn eru fúavarinn langbönd úr tré eða járn-langbönd. Talið er, að bændur muni fremur kjósa tré-langböndin, þar sem það yrði auðveldara fyrir þá sjálfa að reisa húsin þannig. En ákveðið er, að þeir, sem kaupa stálgrindahús, geti fengið vana menn hjá fyrirtækinu til að reisa þau. Það tók 3 menn tvo daga að reisa fyrrnefnt hús í Hveragerði.

Hér á landi hefur enn sem komið er, lítið verið byggt af stálgrindahúsum, en með fjöldaframleiðslu og mikilli sölu, lækkar verðið að sjálfsögðu.

Væri það ekki athugandi fyrir félög bændanna úti á landsbyggðinni, að leita tilboða í ákveðinn fjölda húsa?

Þetta hefur gefizt vel í kaupum á sjónvarpstækjum, því ekki að gera slíkt sameiginlega á fleiri sviðum?